

**Nd.**

### **403. Frumvarp til laga**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja spildu úr landi Saurbæjar á Hvalfjarðarströnd.

Fhm.: Pétur Ottesen.

#### **1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að selja eiganda og ábúanda jarðarinnar Þórisstaða í Svinadal, eftir mati dómkvaddra manna, spildu úr landi prestssetursjarðarinnar Saurbæjar á Hvalfjarðarströnd, á svonefndum Kúvallareyrum, allt að 30 ha. að stærð, enda sé andvirði hins selda lands varið til tóbóta á prestssetursjörðinni Saurbæ.

#### **2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### **Greinargerð.**

Bóndinn á Þórisstöðum í Svinadal, Ólafur Magnússon, flutti fyrir nokkrum árum byggð sína frá hinu forna býli Þórisstöðum og reisti af grunni nýtt býli yzt í Þórisstaðalandi, við landamerki Saurbæjar. Hefir Ólafur, sem er hinn mesti dugnaðar- og atorkubóndi og á margt uppkominna mannvænlegra barna, byggt þarna forkunnar vel. Eru hús öll úr steinsteypu, og hefir hann þegar ræktað þarna allstórt tún. Ástæðan til þess, að Ólafur flutti byggð sína, var einkum sú, að túnið á Þórisstöðum er sundurgrafið af lækjum og auk þess mjög halllent, svo að þar varð ekki við komið neinni vélavinnu. Auk þess var þar mjög erfitt um útgræðslu sökum stórgrýtis.

Við hið nýja býli vantar nú orðið hentugt ræktunarland. Túnið, sem búið er að rækta þar, liggur alveg að Saurbæjarlandi, einmitt þeirri landspildu, sem hér er farið fram á, að Ólafur fái keypta. Er hluti af því landi sámilegt ræktunarland, þó víðast sé þar nokkuð grunnur jarðvegur. Er það mjög þýðingarmikið fyrir framtíðarbúskap á þessu nýja og myndarlega býli, að eigandi þess geti eignast land þetta til túnræktar, enda mundi þess ekki langt að bíða, að þar sæjust vegsummerki, ef landið kæmist í eign Ólafs bónda.

Landspilda sú, er hér um ræðir, er í mikilli fjarlægð frá Saurbæ, liggur að norðanverðu við háls þann, sem er á milli Svinadalsins og Hvalfjarðarstrandarinnar. Presturinn í Saurbæ er því samþykkur fyrir sitt leyti, að þessi landspilda verði seld, en óskar eftir, að andvirði landsins verði varið til tóbóta heima á staðnum, og eru ákvæði um það tekin upp í frv.